

Viðauki við stofnanasamning milli Náttúrustofu Norðurlands vestra og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 24. apríl 2006

Með þessum viðauka hefur að fullu verið tekið tillit til 3. greinar í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN sem undirritað var 18. mars 2005.

Þar kemur fram að 1. maí 2007 skuli 2% vera nýtt til styrkingar/þróunar launakerfisins. Til að mæta þessu ákvæði eru samningsaðilar sammála um að framkvæmd þessa ákvæðis sé með eftirfarandi hætti:

Grunnröðun starfsheita í grein 3.1 verður frá og með 1. maí 2007 með eftirfarandi hætti:

Starfsheiti	Grunnröðun
N-I Náttúrufræðingur	04
S-I Sérfræðingur	07
S-II Sérfræðingur	09
S-III Sérfræðingur	12
S Sviðsstjóri	18
F Forstöðumaður	22

Einstaklingsbundnir þættir, grein 3.2.1 - Reynsla

Eftir 7 ár í starfi fær starfsmaður eins launaflokka hækkun og gildir þessi breyting frá og með 1. maí 2007.

Eftir þessa breytingu hljóðar grein 3.2.1 – Reynsla með eftirfarandi hætti:

Reynsla:

Með starfsreynslu í samningi þessum er bæði átt við:

- vinnu á fagsviði eftir að háskólanám er hafið.
- Nám og vinnu á fagsviði að loknu BSc/BA prófi.

1 ár í starfi	1 launaflokkur
5 ár í starfi	2 launaflokkar til viðbótar
7 ár í starfi	1 launaflokkur til viðbótar

Einnig bætist við ný grein, “Greiðslur vegna skrifa og fyrirlestrahalds”

Greiðslum vegna skrifa er ætlað að vera afkastahvetjandi og þannig stuðla að hraðari fullvinnslu gagna. Einnig er þeim ætlað að styrkja ímynd náttúrustofunnar, enda getur slík kynning aukið álit á stofunni fyrir vísinda og fræðslustarf. Aðeins er greitt fyrir þætti sem eru á fagsviði Náttúrustofunnar og gerðir eru í nafni hennar og með fyrirfram samþykki stjórnar hennar. Greitt er í formi yfirvinnutíma.

a.	Skriptir- frágangur verkefna	Tímafjöldi
	Innlend rit	20
	Innlend fagrit (ritrýnd)	40
	Erlend fagrit (notes eða brief communications)	30-50
	Erlend fagrit (ritrýndar greinar og yfirlitsgreinar)	70-100
	Bækur eða bókakaflar verði metnar sem ígildi greina	
b.	Óvenju umfangsmikil verkefni (ráðstefnur, koma upp tækjabúnaði, undirbúningur og skipulag nýrra verkefna)	10-100

Gildistími.

Viðauki þessi gildir frá 1. maí 2007 og er breyting á stofanasamningi Náttúrustofu Norðurlands vestra og Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem undirritaður var 24. apríl 2006.

Reykjavík, 24. október 2007

F.h. Náttúrustofa Norðurlands vestra

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

A handwritten signature in blue ink, written in a cursive style. The signature appears to be 'Sambandsm. Maciane H. B.'.